



ZORRO

ÞRÁÐLAUS SAMTENGJANLEGUR REYKSKYNJARI

Best er að hafa alla skynjarana sem tengja á saman, á borði fyrir framan sig.

1. Takið plastið af rafhlöðunni og setjið í skynjarana sem á að tengja saman. Hver skynjari á að gefa frá sér stutt píphljóð um leið og rafhlaðan nær tengingu. Ef ekki kemur píphljóð, takið rafhlöðuna úr og endurtakið ferlið.
2. Ýttu á og haltu hnappnum á tveimur skynjurunum inni á sama tíma í 8-10 sekúndur.
3. Báðir skynjararnir fara í tengiham. (**Hnapparnir munu gefa frá sér rautt ljós og blikka hægt.**)
4. Ýttu á og haltu hnappinum á einum skynjaranum inni í 3-4 sekúndur og hinn skynjarinn hættir að blikka, sem þýðir að tengingin heppnaðist.
5. Taktu rafhlöðuna úr skynjaranum sem enn blikkar og settu það svo strax aftur í skynjarann. (**Lítið píp heyrir.**)
6. Endurtakið skref 2.3.4.5 ef það á að tengja fleiri skynjara. Ef það á að tengja fleiri en tvo skynjara, alltaf nota sama skynjarann sem “**Master**” (**Þann fyrsta sem þrýst var á í 3-4 sekúndur og batteríð var tekið úr og sett aftur í, skref 4 / skref 5**)
7. Ef tenging tekst ekki, þarf að byrja allt ferlið upp á nýtt. Taka rafhlöðurnar úr og setja aftur í og bíða eftir stutta píphljóðinu. (**Skref 1**) Ýta svo á prufuhnappinn, þá byrjar skynjarinn að pípa á fullu, haltu þá hnappnum inni þangað til pípið hættir, rautt ljós heldur þó áfram að blikka, ýttu aftur á prufuhnappinn og haltu honum inni þangað til skynjarinn gefur frá sér stutt píphljóð og rauða ljósið hættir að blikka, þá er skynjarinn **núll stilltur** og er því tilbúinn að tengjast við annan skynjara á nýjan leik. Þetta ferli þarf að gera við alla þá skynjara sem á að tengja saman. Til að tengja upp á nýtt, endurtakið skref 2.3.4.5.
8. Prófun er gerð þannig að fyrst skal bíða í **tvær mínútur** áður en þrýst er stutt á prufuhnapp á einum skynjara, hann gefur frá sér viðvörunarhljóð og aðrir skynjarar sem eru tengdir honum, fara einnig í viðvörunarham örskömmu síðar. Skynjararnir munu pípa í 1-2 mínútur, mikilvægt er að leyfa þeim að pípa þangað til þeir slökkva á sér sjálfir.

Við mælum með **kennslumyndbandi** sem er að finna á heimasíðunni oger.is undir vörunúmerinu **305231**. (Zorro leiðbeiningar)

